

Um Lífsvernd

Lífsvernd er kaþólskt lífsverndarfélag. Við viljum beita okkur fyrir því að fóstureyðingum verði hætt.

Hugsjón okkar

Við teljum að ófædd börn hafi ófrávíkjanlegan rétt til lífs frá getnaði og að alls engar kringumstæður réttlæti fóstureyðingu.

Það eru alls engar kringumstæður sem geta réttlætt fóstureyðingu. Lífið er heilagt, án undantekninga. Það er einfaldlega alltaf rangt að deyða ófædd börn, óháð aðstæðum móðurinnar. Við getum haft samúð með móðurinni ef aðstæður hennar eru ekki góðar, en verðum að reyna að leysa vanda hennar og jafnframt þyrma lífi barnsins sem er byrjað að vaxa og dafna. Líf hefst við getnað. Það er ekki á valdi neins að ákveða eftir aldri, stærð, þyngd eða neinu öðru, hvenær manneskja er manneskja. Við verðum að virða ófrávíkjanlegan rétt barnsins til lífs frá getnaði.



Þessi mynd sýnir fætur 11 vikna fósturs.

Hvað gerum við?

- Við berum lítil merki sem kallast “Dýrmætir fætur” sem sýnir tvær iljar af barnsfótum.
- Við biðjum bænar daglega fyrir stöðvun fóstureyðinga.
- Við hittumst mánaðarlega í kirkju og biðjum saman, upphátt og í hljóði fyrir ófæddum börnum og stöðvun fóstureyðinga.
- Við gerum það sem við getum til að vekja athygli á þessum málstað.

“Dýrmætir fætur” barmmerkið

Barmmerkið er raunstærð og raunlöggun fóta 10 vikna fósturs og er alþjóðlegt merki lífsverndarfólks. Það gefur góða hugmynd um hvernig ófædd börn líta út 10 vikna gömul. Þessi merki eru fáanleg hjá okkur. Þau er einnig hægt að panta beint frá framleiðanda þeirra: www.hh76.com



Bæn um stöðvun fóstureyðinga

Himneski Faðir! Við biðjum fyrir þeim ófæddum börnum sem með fóstureyðingu er ætlað að láta líf sitt í þessari viku. Bjarga þeim frá dauða. Breyttu viðhorfum foreldranna og gefðu þeim nýja von, svo að ekki komi til þessa örvæntingarfulla verknaðar. Teldu hughvarf þeim sem framkvæma fóstureyðingar. Kenndu okkur hvernig bregðast skuli við þessum blóðsúthellingum meðal okkar. Þess biðjum við fyrir son þinn Jesú Krist. Amen.

Mánaðarleg bænastund

Fyrsta mánudag hvers mánaðar er bænastund fyrir ófæddum börnum í Mariukirkju við Raufarsel í Reykjavík, sem er kaþólsk kirkja. Messa er lesin kl 18.30 og henni lýkur kl. 19.00. Þá hefst bænastund fyrir ófædd börn með útstillingu altarissakramentisins. Henni lýkur kl 20.

Árlegur dagur Lífsverndar

25. mars er boðunardagur Maríu meyjar. Þá kom Gabríel engill til Maríu og boðaði henni að hún skyldi verða þunguð. Og María svaraði “Sjá, ég er ambátt Drottins. Verði mér eftir orðum þínum.” Það er því víðeigandi að á þessum degi gerum við eitthvað sérstakt til að minna á málefni hinna ófæddu í móðurkviði.



María mey frá Guadalupe
Biddu fyrir okkur!

Hvað þú getur gert

Ef þú ert sammála því að ófædd börn hafi ófrávikjanlegan rétt til lífs frá getnaði og að alls engar kringumstæður réttlæti fóstureyðingu, þá máttu til með að gera eitthvað. Þú getur gert ýmislegt:

- Skráð þig í Lífsvernd og hvatt aðra til að gera það líka.
- Beðið daglega bænar Lífsverndar fyrir stöðvun fóstureyðinga.
- Tekið þátt í mánaðarlegri bænastund fyrir ófæddum börnum í Mariukirkju, Reykjavík, og öðrum viðburðum sem Lífsvernd efnir til.
- Borið barmmerkið "Dýrmæta fætur"
- Haft límmiða í afturrúðu bíls þíns með lífsverndarskilaboðum. Við bjóðum upp á slíka límmiða með skilaboðunum "Ættleiðing—ekki fóstureyðing".
- Gefið vinum þínum penna með lífsverndarskilaboðum. Við bjóðum upp á áletraða penna með skilaboðunum: "Ættleiðing—ekki fóstureyðing".
- Sett litla límmiða utan á umslög sem þú sendir. Við bjóðum upp á slíka límmiða með mismunandi lífsverndarskilaboðum, á íslensku og ensku.
- Haft lífsverndarskilaboð í undirskrift tölvupósta sem þú sendir.
- Stofnað lífsverndarheimasiðu.
- Styrkt starfið fjárhagslega. Leggja má inn á bankareikning 0115-05-68392
Kennitala: 700404-3310

Kærleiksheimilið

María Priscilla Zanoria (s. 564-3117) rekur á eigin heimili athvarf fyrir þungaðar konur í neyð og kallar það Kærleiksheimilið.



Þessi mynd sýnir 7 vikna fóstur.

Að gerast félagi í Lífsvernd

Allir eru velkomnir í félagið, sem eru sammála stefnu félagsins, og sérstaklega þeirri grundvallarhugsjón að alls engar kringumstæður réttlæti fóstureyðingu. Þeir sem vilja gerast félagar í Lífsvernd geta haft samband við Magnús Inga Sigmundsson í síma 586-1211, séra Denis O'Leary í síma 557-7420, eða fyllt út form á heimasíðu félagsins: www.lifsvernd.com/umsokn.html

- Félagar fá sendar tilkynningar í tölvupósti um það sem er á döfinni.
- Hver félagi sem bætist við styrkir félagið. Því fjölmennara sem félagið er, því öflugra er það og líklegra til árangurs.

Lífsvernd

Laufengi 44, 112 Reykjavík, Sími 586-1211
Heimasíða: www.lifsvernd.com

Netfang: lifsvernd@lifsvernd.com

Ábyrgðarmaður: Magnús Ingi Sigmundsson
© Útgefið af Lífsvernd 2004



Fóstureyðingar

